

um helgina



Tónleikar í Firðinum

Lúðrasveit Hafnarfjarðar heldur tónleika fyrir styrktarfélaga og aðra velunnara sveitarinnar í íþróttahúsinu við Strandgötu á morgun, laugardaginn 15. maí. Stjórnandi er Hans Ploder. Tónleikarnir hefjast kl. 16.00.

Tíunda Landsmót Sambands íslenskra lúðrasveita verður

haldið í Hafnarfirði þann 12. júní n.k. og annast Lúðrasveit Hafnarfjarðar undirbúning og framkvæmd þess. Hafa niú lúðrasveitir tilkynnt þátttöku á mótinu. Þar leika þær nokkur lög hver og síðan allar saman. Þær mynda einnig 200-250 manna lúðrasveit, sem mörgum þykir eflaust gaman á að hlýða.

Tónleikar í Kópavogi

Þórunn Guðmundsdóttir, þverflautuleikari, heldur tónleika á sal Tónlistarskóla Kópavogs að Hamraborg 11, 3. hæð, þriðjudaginn 18. maí kl. 20.30. Undirleik annast Guðrjúður St. Sigurðardóttir. Þórunn er að

ljúka burtfararprófi við Tónlistarskóla Kópavogs. Kennari hennar er Bernard Wilkinson. A efnisskránni eru verk eftir C. Ph. E. Bach, Francis Poulence, Albert Roussel og Bohuslav Martinu.

Kaffitónleikar sunnudag

A sunnudag mun Arnesingakórinn í Reykjavík halda svokallaða kaffitónleika í félagsheimili Fáksmanna við Bústaðarveg. Þar verða á boðstólum kökur og kaffi, og mun kór-

inn syngja fyrir gesti eftir þörfum. Húsið opnar kl. 15.00

Stjórnandi er Guðmundur Ómar Óskarsson og undirleikari Kolbrún Óskarsdóttir.

Sýning á listmunum eldri borgaranna


Dagana 14.-16. maí n.k. verður efnt til kynningarsýningar fyrir almenning á Kjarvalsstöðum þar sem sýndir verða ýmsir munir sem gerðir hafa verið í félagsstarfi eldri borgara í Norðurbrún 1, Lönguhlíð 3, Furugerði 1 og Dalbraut 27, og félagsstarfið kynnt.

Eins og á undanförunum árum verður sala á ýmsum munum sem gerðir hafa verið í félagsstarfi eldri borgara dagana 15. og 16. maí að Norðurbrún 1.

Nikulás í Ásmundarsal

A laugardag kl. 14.00 opnar Nikulás Sigfússon sýningu á vatnslitamyndum í Ásmundarsal. Sýningin verður opin virka daga kl. 17.00 — 22.00 en um helgar frá kl. 14.00 — 22.00.

A sýningunni, sem er þriðja einkasýning Nikulásar, eru 30 vatnslitamyndir, málaðar á s.l. 2 — 3 árum.



Fljúgandi turn með Minotaurus — steinþrykk eftir Jóhönnu Bogadóttur.

Jóhanna sýnir turnmyndir

Myndlistarkonan Jóhanna Bogadóttir opnar sýningu í Safnahúsinu í Vestmannaeyjum á laugardag og sýnir bæði grafíkmyndir og málverk.


Jóhanna er nýkomin úr Norðurlandaférfi, þar sem hún sýndi bæði í Finnlandi og Noregi og fékk lofsamlega dóma fyrir myndir sínar.

Í Finnlandi sýni Jóhanna m.a. í Konsthallen í Helsinki, og segir gagnrýnandinn Dan Sundell m.a. í Hufvudstadsbladet að Jóhanna lýsi í myndum sínum lífs-skilyrðum nútímamannsins í göðsögulegum líkingum þar sem fljúgandi turn á leið mót óþekktri framtíð verður tákn fyrir hvort veggja í senn, vaxtarþrá mannsins og valdagræðgi eins og hún birtist í sögunni um Babelsturninn. „Göðsöguleg fortíð og óvæginn nútíðarsýn

blandast saman í myndrænu ævintýri í myndum Jóhönnu”, segir Sundell.

Jukka Perta Partanen skrifar í finnska blaðið Keski-suomalainen að turnmótif Jóhönnu sé líking við Yggdrasil, hið kosmiska lífstré Eddukvæðanna, sem eyðist þegar ill ófl ná yfirhöndinni en fæðist á ný. „Í draumkennðri sýn Jóhönnu er heimurinn í öngþveiti, úlfabæli þar sem Loki leikur lausum hala á meðan mennirnir lifa í síðferðislegri upplausn... Hinar áhrifaríku hugmyndir Jóhönnu eru svo ferskar og margslungnar, að um engar réttar lausnir er að ræða, — sérhver áhorfandi verður að finna eigin túlkun á innihaldi myndanna...”

Sýning Jóhönnu í Vestmannaeyjum stendur í 4 daga.



Haukur Dór með nokkrum verkanna á sýningunni.

Haukur Dór að Kjarvalsstöðum

Þessa dagana stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning á leir-munum og keramik eftir Hauk Dór.

Haukur Dór er löngu kunnur

sem einn af okkar færustu leirkerasmiðum. Hann hefur dvalið í Bandaríkjunum undanfarna 9 mánuði og er sýningin á Kjarvalsstöðum afrakstur dvalar-

innar þar. Auk leirmuna sýnir Haukur Dór nokkrar teikningar. Sýningunni lýkur 23. maí.

Elías B. Halldórsson í Norræna húsinu

Laugardag 15. maí opnar Elías B. Halldórsson málverkasýningu í kjallara Norræna hússins. Elías sýnir þar 70 verk unnið í ollu og vatnslit. Sýningin verður aðeins opin í rúma viku eða til 23. maí.

Skagamenn sýna á Skaganum


Skagamennirnir Guttormur Jónsson og Bjarni Þór Bjarnason opna sýningu í Bóklöðunni, Akranesi í dag, laugardaginn 15. maí kl. 15.00

Guttormur Jónsson er borinn Reykvikíngur, en hefur búið á Skaganum sl. 20 ár. Hann sýnir skulptúr og lágmyndir, leir og epoxy.

Bjarni Þór Bjarnason er Skagamaður í húð og hár. Hann sýnir grafík, vatnslitamyndir og teikningar. Sýningin verður opin frá kl. 16—22 til mánaðamóta maí og júní.



Bjarni Þór Bjarnason sýnir grafík, vatnslitamyndir og teikningar.



Guttormur Jónsson sýnir skulptúr og lágmyndir á sýningu, sem hann opnar með Bjarna Þór Bjarnasyni í Bóklöðunni á Akranesi í dag.